

124

16. ágúst

Fyrirtækið hefur ókeypis afnot af vinnustofum Kristneshælis, en fjármál þess eru hælinu og ríkissjóði óviðkomandi.

8. gr.

9. gr.

Reglugerð þessari getur sambandsstjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga breytt að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar, enda verði breytingarnar staðfestar af heilbrigðismálaráðherra.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 78 23. júní 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. ágúst 1949.

Eysteinn Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

125

18. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 12 24. jan. 1945 fyrir vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjum í Mosfellssveit.

1. gr.

Í fyrirsögn komi orðið: Reykjalundi, í stað orðsins „Reykjum“.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, tveim kosnum af sambandsstjórn Sambands íslenzkra berklasjúklinga, tveim kosnum af félagi vistmanna stofnunarinnar, enda sé það í Sambandi íslenzkra berklasjúklinga, og einum af þingi Sambands íslenzkra berklasjúklinga. Sömu aðilar kjósi jafn marga varamenn og aldrei skulu fleiri en tveir vistmenn eiga sæti í stjórn vinnuheimilisins samtímis. Stjórnin ræður málefnum stofnunarinnar. Stjórnin skal kosin til tveggja ára. Stjórn stofnunarinnar heldur fundi svo oft sem þörf krefur og skulu fundargerðir hennar bókaðar. Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og er fundur lögmætur, ef meira en helmingur stjórnarmanna situr fund.

3. gr.

Í stað orðsins „miðstjórn“ í 8. gr. komi: sambandsstjórn.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Stofnunin rekur ýmsar atvinnugreinar við hæfi vistmanna. Fyrir hverja atvinnugrein skal hafa sérstakt reikningshald. Reikningsár starfsgreina og stofnunarinnar í heild er almanaksárið. Stjórn stofnunarinnar skal gæta þess, að vörubirgðir, peningar og aðrar eignir séu rétt taldar um áramót. Reikningar stofnunarinnar skulu lagðir fyrir sambandsstjórn SÍBS og stjórn félags vistmanna, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, til samþykktar.

Enn fremur skulu reikningar vinnuhælisins sendir til deilda sambandsins ár hvert.

5. gr.

Í stað orðsins „miðstjórn“ í 16. gr. komi: sambandsstjórn.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 30 19. júní 1933, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. ágúst 1949.

Eysteinn Jónsson.

Ragnar Bjarkan.